

Reglur um leyfi til framhaldsnáms.

Samþykktar í háskólaráði 31. ágúst 2012

Reglur þessar byggja á gr. 10.1.1 í kjarasamningi Félags háskólakennara á Akureyri

1. Fastráðnir starfsmenn Háskólans á Akureyri sem ekki hafa rannsóknaskyldu og starfað hafa við háskólann í fjögur ár eiga rétt á leyfi til að stunda endurmenntun/framhaldsnám enda sé það í samræmi við endurmenntunar-/starfsþróunaráætlun háskólans eða starfsmanns sé hún til staðar.

Í leyfinu skal starfsmaður halda reglubundnum launum.

Heimilt er að greiða ferða- og dvalarkostnað samkvæmt nánari reglum.

Starfsmaður ávinnur sér tveggja vikna leyfi á hverju ári. Uppsafnaður réttur getur þó ekki orðið meiri en 6 mánuðir og greiðist ekki út við starfslok. Heimilt er að veita skemmri eða lengri námsleyfi á skemmra eða lengra árabili.

Háskólinn á Akureyri mun að jafnaði ekki veita leyfi af þessu tagi í lengri tíma en 3 mánuði samfellt.

2. Umsókn um leyfi frá störfum til að stunda framhaldsnám/endurmenntun skal skila til yfirmanns viðkomandi starfssviðs fyrir 1. október ár hvert vegna leyfis sem fyrirhugað er á næsta almanaksári. Gera þarf grein fyrir því hvaða nám umsækjandi hyggst stunda, hvar það verður stundað og hvernig það tengist starfi hans. Teljist námið ekki til framhaldsnáms þarf sérstakur rökstuðningur viðkomandi yfirmanns að fylgja umsókninni.

Rektor tekur ákvörðun um hvort leyfið verður veitt að fenginni umsögn framkvæmdastjóra og viðkomandi yfirmanns.

3. Að loknu leyfi skal starfsmaður skila skýrslu til viðkomandi yfirmanns um framvindu námsins og þarf m.a. að koma fram: a) hvernig leyfið var nýtt, b) hvernig líklegt er að námið í leyfinu skili sér í starfi viðkomandi, c) hvort fyrirhugað sé frekara framhald námsins.